

Franski farsinn á Íslandi: París-Eyjafjörður með viðkomu á West End

Franskir gamanleikir og skopleikir – *comédie, farce, vaudeville, comédie de boulevard* – hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi í gegnum árin og verið settir upp bæði af atvinnuleikhúsum og áhugaleikhópum víða um land.¹ Fyrstu frönsku gamanleikirnir voru leiknir af skólapiltum í danskri þýðingu en á síðari hluta 19. aldar var farið að snúa þeim á íslensku úr dönskum þýðingum.² Þótt allir eigi þeir sér sína sögu og uppruna, má segja að helstu einkenni gamanleikja sé flókinn söguþráður sem endar vel á meðan farsar eru styttri verk sem byggjast á misskilningi og geta verið klúrir. Auk þess hafa farsar ófrávíkjanlega atburðarás, líkt og harmleikir, og innihalda gjarnan atriði þar sem lúskrað er á einni leikpersónunni eða henni refsað á annan hátt. Á nítjándu öld tóku þessar greinar leiklistarinnar að renna saman við forna söngvahefð í einkareknu leikhúsunum í París³ og rötuðu mörg þessara *vaudeville*-leikrita, sem svo nefndust og þannig komu til, á fjalir íslenskra leikhúsa þegar farið var að setja upp erlend leikrit hér á landi.⁴ Þessi verk gáfu skoplega innsýn í líf borgarastéttarinnar og Magnús Þór Þorbergsson hefur sýnt að evrópsku gamanleikirnir hafi verið til þess fallnir að

- 1 Rannsóknin er hluti af verkefninu *Frönsku bylgja í íslensku leikhúsi* sem styrkt er af Rannís (217857-051). Greinarhöfundar þakka ritrynum og Sveini Einarssyni fyrir góðar og gagnlegar athugasemdir.
- 2 Sjá Svein Einarsson, „Helgileikir og herranætur“.
- 3 Jomaron, *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*, 164.
- 4 Um gamanleikinn í íslensku leiklistarsögu, sjá Svein Einarsson, *Íslensk leiklist I-III*, og Magnús Þór Þorbergsson, *A Stage for the Nation. Nation, Class, Identity and the Shaping of a Theatrical Field in Iceland 1850-1930*, 314–328.

bregða upp mynd af þeirri borgaralegu miðstétt sem þá var að hasla sér völl í íslensku Þjóðfélagi.⁵ Leikfélag Reykjavíkur setti upp franska og þýska gamanleiki á þriðja og fjórða áratugnum, til dæmis skopleiki eftir þá Franz Arnold og Ernst Bach, sem nutu svo mikilla vinsælda meðal íslenskra leikhúshorfenda að Sveinn Einarsson telur þá hafa verið Leikfélagi Reykjavíkur „haldreipi kreppuáranna“⁶ og hefur leikrit þeirra, *Spanskflugan*, margsinnis verið sett upp á Íslandi.⁷

Um og eftir miðja 20. öld er svo farið að þýða leiktexta beint úr frönsku á íslensku þótt margir þeirra hafi einnig verið þýddir úr millimáli. Um svipað leyti eru fyrstu *vaudeville*-gamanleikritin sett upp og er óhætt að segja að þau hafi stolið senunni af eldri verkum og þá ekki síst hinum þekktu gamanleikjum Molière. Nokkur leikrita Eugène Labiche hafa verið leikin hér á landi, til dæmis *Ítalskur strábattur* (*Chapeau de paille d'Italie*) í Þjóðleikhúsinu árið 1967 í þýðingu Árna Björnssonar undir stjórn enska leikstjórans Kevins Palmer sem starfaði í Þjóðleikhúsinu um nokkurra ára skeið og þótti sú sýning fádæma góð.⁸ Leikfélag Reykjavíkur setti svo upp *Fló á skinni* (*Puce à l'oreille*) eftir Georges Feydeau í þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur. Sýningin, undir stjórn Jóns Sigurbjörnssonar, sló í gegn og var sýnd 95 sinnum.⁹ Tveimur árum síðar setti Þjóðleikhúsið upp leikrit Feydeaus, *Hvað varstu að gera í nótt?* (*Occupe-toi d'Amélie*), sem Sveinn Einarsson, þá Þjóðleikhússtjóri, hafði séð í París í rómaðri uppsetningu Jean-Louis Barrault.¹⁰ Úlfur Hjörvar þýddi og sænski leikstjórinn Christian Lund stýrði sýningunni sem hlaut góðar viðtökur. Árið 1980 sýndi Þjóðleikhúsið saman einþáttungana *Vert' ekki nakin á vappi* (*N'te promène donc pas toute nue*) eftir Feydeau og *Náttfari og nakin kona* eftir Dario Fo, og spyrti þannig saman höfundum sem þá þegar höfðu lokað þúsundir áhorfenda í Iðnó. Þá setti Þjóðleikhúsið upp árið 1981 gamanleik Feydeaus,

5 Magnús Þór Þorbergsson, *A Stage for the Nation. Nation, Class, Identity and the Shaping of a Theatrical Field in Iceland 1850-1930*, 328.

6 Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist III, 1920-1960*, 124.

7 Samkvæmt gagnagrunni Leikminjasafns Íslands hefur *Spanskflugan* (þ. *Die Spanische Fliege*) verið sett upp átta sinnum á Íslandi, síðast í Borgarleikhúsinu leikárið 1993–1994.

8 A.K., „Þjóðleikhúsið: *Ítalskur strábattur*“, 8.

9 Sjá gagnagrunn Leikminjasafns Íslands, <https://leikminjasafn.is/index.php?page=result&q=get-LeiksyningDXO/973>

10 Viðtal við Svein Einarsson, 19. nóvember 2024.

Hôtel Paradís (*Hôtel du Libre échange*), í þýðingu Sigurðar Pálssonar og skartaði sú sýning helstu gamanleikurum Þjóðleikhússins á þeim tíma.

Meðal vinsælustu verkanna af *vaudeville*-gerðinni sem sett hafa verið á svið fyrir íslenska áhorfendur eru hinir svokölluðu „hurðafarsar“ eða „breiðstrætaskopleikir“ leikskáldsins Marcs Camoletti (1923–2003). Frægasta leikverk hans er farsinn *Boeing-Boeing* en hér á landi þekkja áhorfendur Camolettis ekki síst fyrir hinn vinsæla gamanleik *Sex í sveit* (*Pyjama pour six*) í leikgerð og staðfærslu Gísla Rúnars Jónssonar. Verkið var fyrst sett á svið árið 1998 í Borgarleikhúsinu og aftur árið 2019 í endurskoðaðri þýðingu. Hér verður fjallað um helstu einkenni frönsku *vaudeville*-leikritanna og síðan stuttlega um íslenskun á gamanleikjum Camolettis, einkum *Sex í sveit*, og leið verksins rakin frá franska textanum til íslensku gerðarinnar, með hliðsjón af ensku þýðingunni sem er grunnur að íslensku leikgerðunum. Þá verða teknar til umfjöllunar íslenskar þýðingar Gísla Rúnars á breskum försum sem skrifaðir voru að franskri fyrirmynd og uppsetningar þeirra í Borgarleikhúsinu bornar saman við frönsku gamanleikina. Hvað er eftir af frönsku farsahefðinni í íslensku samtímaleikhúsi þegar verkin hafa verið „flutt heim“? Eru aðlaganir og heimfærslur ef til vill til þess fallnar að auka vinsældir leikrita af þessum toga?

Franski farsinn um borgarastéttina

Þeir gamanleikir sem fyrst gengu undir nafninu *vaudeville* innihéldu bæði söngva og dans og voru leiknir allt frá síðari hluta 18. aldar á árlegum mörkuðum í París sem kenndir voru við kirkjusóknir Saint-Germain og Saint-Laurent sitt hvoru megin Signu.¹¹ Orðið *vaudeville* á sér þó lengri sögu og á 16. og 17. öld stóð það fyrir grípandi og létt sönglög.¹² Söngvar af þeim toga voru svo sungnir í

11 Brunet, *Le Théâtre de Boulevard*, 52.

12 Umfjöllun um merkingu orðsins *vaudeville* og þróun þess er að finna í grein Guy Spielmann, „Le vaudeville, de la chanson au théâtre (XIV^e-XVIII^e)“. Sjá einnig Brunet, *Le Théâtre de Boulevard*, 50–51. Margar fróðlegar greinar um *vaudeville* er að finna í greinasafninu *Le Vaudeville à la scène*. Sjá einnig Gidel, *Le Vaudeville*, Hélène Lacas, „Vaudeville“, 828–829; „vaudeville“, *Dictionnaire de l'Académie française*, Jaucourt, „vaudeville (poésie)“, *L'Encyclopédie, ou Dictionnaire raisonné des sciences, des arts et des métiers*, 861–862.

gamanleikjum sem sóttu innblástur í hina ítölsku hefð *commedia dell'arte* þar sem staðlaðar persónur keyra fram hverja kostulegu uppákomuna á fætur annarri um leið og skírskotað er til vel þekktra viðburða úr samtímanum. Undir lok 18. aldar (1792) var svo Vaudeville-leikhúsið stofnað í París og þá var farið að nota orðið *vaudeville* fyrir leikritin sjálf, en ekki eingöngu lögin sem þar voru sungin. Verkin einkenndust af léttleika og skopi en voru einnig nýstárleg viðbót við það leikhús- og menningarlíf sem borgin bauð upp á. Andstætt „klassískum“ viðmiðum og ströngum reglum sem sett höfðu svip sinn á leikritun 17. og 18. aldar, naut gamanleikurinn mikils frelsis og höfundar höfðu hvorki áhyggjur af siðferðisboðskap né fagurfræðilegu gildi. Þetta frelsi endurspeglast gjarnan í bókmenntasögunni og í umfjöllun um leikritin sem þóttu mikið léttmeti í samanburði við alvöruþrúningari verk. Hlutverk *vaudeville*-leikritanna var fyrst og fremst að skemmta áhorfendum með alls kyns gríni og háði, atburðum í deiglunni, orðaleikjum og, ekki síst, flóknum sögupræði. Þegar líða tók á 19. öldina urðu ástín og ástamál veigameiri í þessum kómíska samtímaspegli og misskilningur einn af burðarstólpum verkanna. Um aldamótin 1900 rann *vaudeville* svo að miklu leyti saman við hinn vinsæla „breiðstrætaskop-leik“ eða *comédie de boulevard* sem leikinn var í leikhúsum við hin nýju breiðstræti Parísarborgar en þar sáu fjölmargir höfundar um að skemmta borgarbúum með líflegum og grípandi leikritum. Upp frá því má segja að *vaudeville* skírskoti einkum til léttvægra og auðskilinnna gamanleikja. Á íslensku – og reyndar á ensku líka – eru leikrit af þessum toga gjarnan kölluð farsar til aðgreiningar frá gamanleikjum með alvarlegri undirtón þótt farsinn, í sögu franskra leiklistar, vísi til ákveðinnar tegundar af fremur einföldum og stuttum gamanleikjum sem komu fyrst fram á 14. öld og þar sem gjarnan var dregið dár að hversdagslífi alþýðunnar. Kúvendingar og orðaleikir settu svip sinn á þessi gömlu verk sem nutu mikilla vinsælda bæði innan Frakklands og utan og voru eina leikritaform miðalda sem ekki féll í gleymsku og dá þegar leiklist fornaldar var sett í öndvegi á endurreisnartímanum. Þess má geta að í upphafi ferils síns sem gamanleikjahöfundur sótti Molière ríkan innblástur til miðaldarfarsans.

Leikskáldið Eugène Scribe (1791–1861) virðist hafa verið fyrstur til að skrifa gamanleiki þar sem söguþráðurinn varð flóknari og framvindan vandaðri en áður hafði tíðkast, auk þess sem persónurnar urðu raunsærri og fóru að fjarlægjast týpunar sem einkenna *commedia dell'arte*.¹³ Hann var sérlega afkastamikill og fjölhæfur og leikrit hans voru vinsæl: tuttugu og fjögur þeirra voru sett upp í Comédie-Française á árunum 1822–1859. Verk hans voru þjóðlífsverk (fr. *comédies des mœurs*) og hömpuðu gildum borgarastéttarinnar.¹⁴ Einn frægasti gamanleikur hans, *Glas af vatni* (*Le Verre d'eau*), gerist við ensku hirðina í upphafi átjándu aldar. Glas af vatni hellist yfir kjól Önnu Stuart Englandsdrottningar og leiðir til þess að nýr ráðherra kemst til valda en sá er talsmaður frjálsrar verslunar og hliðhollur Frökkum. Leikritið var sýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1928 í þýðingu Emils Thoroddsen og hlaut dræmar viðtökur.¹⁵

Eugène Scribe hafði mótandi áhrif á sporgöngumenn sína, Eugène Labiche (1815–1883) og Georges Feydeau (1862–1921).¹⁶ Sá fyrrnefndi setti sterkan svip á þróun *vaudeville*-gamanleikja og er þekktur fyrir að hafa dregið upp skoplega mynd af borgarastéttinni með hraðri framvindu og flókinni þar sem hið óvænta ætlar allt um koll að keyra á sviðinu, en tekst þó aldrei fullkomlega.¹⁷ Farsaforminu, sem þótti óæðra listform, var nú beitt til að gagnrýna borgarastéttina.¹⁸ Persónum Labiche skjátlást oft hrapallega og þær ruglast í ríminu – ekki ósvipað því sem sjá má í þöglum gamanmyndum. Þegar eitt frægasta leikrit hans, *Ítalski stráhatturinn*, var sett upp í Palais-Royal í París árið 1851, var leikhússtjórinn svo ósáttur að hann neitaði að vera viðstaddur frumsýninguna.¹⁹ Hinn mikli meistari *vaudeville* er svo Georges Feydeau sem sagðist aldrei skrifa niður atburðarás verka sinna heldur hugsa um hreyfingar – innkomu, útgöngu – persónanna á sviðinu eins og á skákborði, enda

13 Brunet, *Le Théâtre de Boulevard*, 62.

14 Jomaron, *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*, 167–173.

15 Ram, „Leikhúsið. ‘Glas af vatni’ eftir Scribe“, 2. Um nafnlausu aðför að Leikfélagi Reykjavíkur þar sem þessi uppsetning kemur við sögu, sjá Svein Einarsson, *Íslenski leiklist III*, 71–73.

16 Jean-Claude Yon, „Scribe vaudevilliste pour le Gymnase“, *Le Vaudeville à la scène*, 37–45.

17 Olivier Bara, „Le ‘rire sympathique’ de Geoffroy, ou le bourgeois *bien tempéré* de Labiche“, *Le Vaudeville à la scène*.

18 Jomaron, *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*, 181.

19 Sama rit, bls. 180.

væri hreyfingin grunnur leikhússins.²⁰ Hann nýtti sér hugmyndir sem stríddu gegn öllum trúverðugleika og út frá þeim þróast atburðarás þar sem hið óvænta er í fyrirrúmi, misskilningur á misskilning ofan, og aldrei nein ládeyða eða hlé. Verkin eru því krefjandi, bæði fyrir leikara og áhorfendur og verkum Feydeau fylgdu gjarnan afar nákvæm fyrirmæli varðandi sviðsetningu.²¹ Vinsældir hans urðu til þess að losa *vaudeville*-leikritin undan öllum samanburði og minnimáttarkennd andspænis æðri leiklist,²² enda hefur Feydeau verið talinn annað mesta gamanleikjaskáld Frakka á eftir Molière.²³ Í umfjöllunum um verk þessara þriggja höfunda – Scribe, Labiche og Feydeau – er iðulega talað um „hið vel smíðaða leikrit“²⁴ (fr. *la pièce bien faite*) þar sem flókin söguþráðurinn verður að ganga upp snurdulaust, en það er einmitt helsta einkenni *vaudeville*-leikja sem þrátt fyrir yfirborðskennda ringulreið eru formföst og úthugsuð.

Efni *vaudeville*-leikritanna frá lokum 19. aldar og þeirri 20. þykir keimlíkt: þau fjalla gjarnan á ýktan og broslegan hátt um framhjá-hald og ástarflækjur, lygar og svik, og þær vandræðalegu uppákomur sem þeim fylgja. Þótt leikritin endurspegli ef til vill flókin viðfangsefni sem margir þekkja, forðast höfundar að varpa fram tilvistarlegum spurningum á alvörubrúninginn hátt. Það er því nokkuð algengt að litið sé á *vaudeville*-farsann sem ófrumlegar og léttvægar leikbókmenntir, fánýtt glens, hreina skemmtun og „melt-ingarbætandi“ (fr. *digestif*), eins og góður snafs eftir þunga máltíð,²⁵ en sú líking er lýsandi bæði fyrir samkvæmislíf og forgangsroðun borgarastéttarinnar: farið var út að borða, síðan í leikhús og af þessu var máltíðin aðalatriði. Þegar betur er að gáð, eru leikritin þó vettvangur fyrir nístandi háð á hjónabandið sem stofnun og samskipti kynjanna, ekki síst síðustu leikrit Feydeaus.²⁶ Auk þess

20 Brisson, *Portraits intimes*, 14–15; sjá nánar: Alice Folco, „Feydeau, metteur en scène ?“, *Le Vaudeville à la scène*, 71–80.

21 Folco, „Feydeau, metteur en scène ?“.

22 Jomaron, *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*, 183–187.

23 Achard, „Introduction“, 7.

24 Sveinn Einarsson, *Leikmenntir*, 44.

25 Sjá til dæmis Lacas, „vaudeville“, 828–829; Coward, *A History of French Literature. From Chanson de geste to Cinema*, 376.

26 Brunet, 71, 73–74.

bregður Feydeau upp óvæginni mynd af borgarastéttinni sem keppist um auð og metorð og óttast hneyksli meira en nokkuð annað.²⁷

Sterkur grunnur og þol við þýðingum

Í riti sínu um hláturinn, frá árinu 1900, benti franskur heimspekingurinn Henri Bergson á að í *vaudeville*-verkum raðist atburðir upp á *mekanískan* hátt (bein lína, hringur, bakslag)²⁸ og að þannig byggist verkin á endurtekningum, viðsnúningum og árekstrum.²⁹ Þessi framsetning persóna og atburða verði svo til þess að draga fram *vélvæðingu lífsins* (fr. *la mécanisation de la vie*) þar sem hversdagslegur hlutur, t.d. bréf eða stráhattur, getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Fyrir Bergson framkallar lífið sjálft þennan mekanisma: „*vaudeville*-leikurinn er hinu raunverulega lífi það sem leikbrúðan er mannum, ýkt mynd af ósveigjanleika hlutanna“.³⁰ Leikhúsfræðingurinn Eric Bentley hefur einnig bent á að *vaudeville*-farsinn um framhjáald gefi áhorfendum færi á að upplifa dýrlegar hvatir án þess að þurfa að finna til sektarkenndar vegna eigin breyskleika.³¹ Samkvæmt bandaríska bókmenntafræðingnum Joan Dean tengir þessi sýn á manninn sem vél eða dýr *vaudeville*-leikinn við leikhús fátíðleikans eða framúrstefnuleikhúsið, sem er á hinum endanum á leikhúsrófi 20. aldarinnar: efni farsans einskorðist ekki lengur við alþýðuna, eins og á miðöldum, heldur sýni hann að hver og einn geti hagað sér grimmdarlega, enda sé sannleikurinn um botnlausu grimmd mannsins sú staðreynd sem hin langa 20. öld þarf að horfast í augu við.³² *Vaudeville*-leikirnir setja þó broslugu hlið hins mannlega eðlis í fyrsta sæti og í vel smurðu og gamansömu gangverki fátíðleikans geta áhorfendur hlegið dátt að borgarastéttinni sem hefur tauma efnahags- og þjóðlífsins í hendi sér.

27 Heyraud, „Introduction“, IX–X.

28 Bergson, *Le Rire. Essai sur la signification du comique*, 82 og 97.

29 Sama rit, bls. 103–115.

30 Sama rit, bls. 115–116. Okkar þýðing.

31 Bentley, *The Life of the Theatre*, 229.

32 Dean, „Joe Orton and the Redefinition of Farce“, 482.

Franska fræðikonan Céline Candiard hefur bent á að það felist ákveðin mótsögn í því að þau verk sem laði að flesta áheyrendur – innan og utan heimalandsins – skuli jafnframt vera þau sem minnst sé fjallað um á fræðilegum vettvangi.³³ Í því samhengi má rifja upp gamallþekkt stigveldi franskra leikbókmennta frá 17. öld þar sem farsinn sat óumdeildur í botnsætinu enda þótti óhugsandi að slíkir ærslaleikir, sem alla jafnan fjölluðu um hversdagslíf alþýðufólks, gætu fallið í kramið hjá betri borgurum þótt raunin væri vissulega önnur.³⁴

Sterk grunnbygging *vaudiville*-leikrita á eflaust sinn þátt í því hversu auðvelt virðist vera að laga þau að ólíkum menningarheimum og markhópum. Grunnurinn byggist annars vegar á einföldum, jafnvel klisjukenndum karakterum og hins vegar á leikmyndinni sem einkennist af miklum fjölda útgönguleiða. Leikritin ganga út á það að hindra að upp komist um framhjáhald – eða hliðarspor í hjónabandinu – og því gegna dyrnar aðalhlutverki í þessum gamanleikjum sem stundum hafa gengið undir nafninu „hurðafarsar“ á íslensku. Hurðaskellir eru taktur og einkenni leikformsins sem oft er líkt við klukkuverk.

Þýðingar á leiktextum hafa þá sérstöðu að þurfa að virka strax, miðla inntaki textans og ná til áhorfenda. Gamanleikur eða farski leggur auk þess þá byrði á herðar þýðanda að koma til skila hugsun og húmor sem byggist gjarnan á sértækri og flókinni notkun tungumálsins og hefur um leið margvíslegar og marglaga menningarlegar skírskotanir. Þýðingin kallar því á umtalsverðar „samningaumleitani“ á milli frumtexta og markhóps þýðingarinnar.³⁵ Einnig þurfa þýðendur að ákveða hvort þeir láta verkið halda framandleika sínum og einkennum upprunans, eða hvort verkið verði staðfært og lagað að nýjum áhorfendum.³⁶ Í hurðaförsum eru innkomur og útgöngur og tímasetningar þeirra aðalatriði á meðan tungutak er tiltölulega einfalt, að minnsta kosti á yfirborðinu. Leikstjórinn þarf

33 Candiard, „*Boeing-Boeing* de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“.

34 Til dæmis var farski eftir Molière harðlega gagnrýndur af nafnlausum höfundum sem þóttist ekki sjá neinn „heiðvirðan mann koma áneððan af þessari leiksýningu“. Sjá *Observations sur une comédie de Molière intitulée Le Festin de Pierre*.

35 Laera, „Theatre Translation as Collaboration: Aleks Sierz, Martin Crimp, Nathalie Abrahami, Colin Teevan, Zoë Svendsen and Michael Walton discuss Translation for the Stage“, 214.

36 Venuti, *The Translator's Invisibility. A History of Translation*, 19–20.

að halda fast í taumana til að færa ærslaganginn í réttan farveg á leiksviðinu. Ef tungumálið verður viðfangsefni spaugsins, er gjarnan um að ræða misskilning, jafnvel þrálátan.³⁷ Allt þarf þetta að ganga upp þegar verkinu er snúið á annað tungumál og eru ýmsar leiðir færar í þeim efnum,³⁸ eins og sjá má á íslenskum þýðingum og aðlögunum margra erlendra gamanleikja.

Franskir skopleikir eiga sér langa sögu á íslensku leiksviði og bæði *vaudeville*-leikritin og hurðafarsarnir hafa náð furðu vel til íslenskra áhorfenda. Fáir þeirra hafa þó getað státað af sömu vinsældum og *Fló á skinni* eftir Georges Feydeau, sem fyrst var settur á svið hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1972 í þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur og leikstjórn Jóns Sigurbjörnssonar og var sýndur í rúmlega þrjú ár,³⁹ nema ef vera skyldi hurðafarsinn *Sex í sveit* eftir Marc Camoletti. Í íslenskri þýðingu tók þessi franski „breiðstrætaskopleikur“ stakkaskiptum þótt grunnbygging verksins standi eftir nánast óbreytt.

Hurðafarsar Marcs Camoletti

Marc Camoletti vakti fyrst athygli í leikhúsheimi Parísar með farsanum *La Bonne Anna* eða *Anna þjónustustúlka* sem settur var upp árið 1958. Þar segir frá Bernard og Jacqueline sem hafa komist í kynni við heillandi einstaklinga sem þau vildu gjarnan geta hitt í einrúmi, ef tækifæri byðist. Eina helgina þykjast þau bæði þurfa að sinna erindum utan heimilis og gefa Önnu, þjónustustúlkunni á heimilinu, frí. Þegar hjónin læðast heim sitt í hvoru lagi, en í góðum félagsskap, er Anna hins vegar mætt til leiks og beitir ýmsum brögðum til að koma í veg fyrir að hjónaband húsráðenda fari út um þúfur. Verkið náði gríðarlegum vinsældum innanlands og utan og er gott dæmi um hið tvöfalda siðgæði borgarastéttarinnar sem lýst er í *vaudeville*-farsanum: annars vegar lýkur leiknum á því að

37 Sem dæmi má nefna að í *Fló á skinni* eftir Georges Feydeau er ein persóna holgóma og á því erfitt með að gera sig skiljanlega þar til hún fær góm, sem hún týnir svo stuttu síðar.

38 Céline Candiaard fjallar um viðtökur og ólíkar staðfærslur á verki Camolettis *Boeing-Boeing* í fyrrenfndri grein: „*Boeing-Boeing* de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“.

39 Greinarhöfundar vinna að ítarlegri yfirliti yfir þýðingar og viðtökur á frönskum gamanleikjum á Íslandi, þ.m.t. *Fló á skinni*.

hjónabandinu er borgið, hins vegar sleppa allir án refsingar. Aðalatriði er að enginn komist á snodir um svik hins í ástamálunum sem áhorfendur vita hins vegar allt um, eins og Anna.

Camoletti er þekktastur fyrir gamanleikinn *Boeing-Boeing* sem fyrst var sett upp í Comédie-Caumartin í París árið 1960 og er það franska nútímaleikrit sem oftast hefur verið leikið, í heimalandinu og á heimsvísu.⁴⁰ Flugvélar og flugfreyjur koma mjög við sögu í verkinu og heiti þess vísar í senn til samnefnds flugvélaframleiðanda og hljóðlíkingar gormaískurs, til dæmis í rúmdýnu. Aðalpersónan er einhleypi arkitektinn Bernard sem er ekki við eina fjölinna felldur í ástamálum. Með dyggri aðstoð þjónustustúlku sinnar, Berthe, á hann ástarfundi í íbúð sinni í París, sitt á hvað, með þremur flugfreyjum, sem fljúga hver fyrir ólíkt flugfélag. Þær vita ekki af tilvist hver annarrar og hann hefur heitið þeim öllum að kvænast þeim. Tilvera Bernards snýst um stefnumótin sem fylgja áætlunum flugfélaganna þriggja í þaula. Allt gengur að óskum þar til æskuvinurinn og kvennabósinn Robert kemur í óvænta heimsókn og samkeppni um athygli flugfreyjanna, dyntir í veðurfari og ný og hraðskreiðari Boeing-þota setja skipulagið úr skorðum.

Boeing-Boeing var fyrst snúið á íslensku af Lofti Guðmundssyni og fékk það heitið *Douglas-Douglas* en síðan *Sexurnar* í uppsetningu Leikfélags Kópavogs árið 1967 og leikstjórn Klemenz Jónssonar.⁴¹ Loftur staðfærði leikritið, eins og sjá má af upphaflega titli þýðingarinnar sem vísar í Douglas-vélar flugfélagsins Loftleiða (1944–1973), og voru viðtökur góðar.⁴² Mörg áhugamannafélög settu síðan farsann á svið í nýrri þýðingu og leikgerð Sigurðar Atlasonar sem gaf því titilinn *Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan*. Leikgerð Sigurðar byggðist á bandarísku gamanmyndinni *Boeing-Boeing* frá árinu 1965, með Jerry Lewis og Tony Curtis í aðalhlutverkum. Kvikmyndin er látin gerast í París en söguþráðurinn er aðlagður bandarískum áhorfendum og viðmiðum. Leikgerð Sigurðar var fyrst sýnd af Leikfélagi Hólmavíkur árið 1994 í leikstjórn Ásdísar

40 Candiard, „*Boeing-Boeing* de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“, 1.

41 Þýðing Lofts er aðgengileg á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni: Klemenz Jónsson (1920-2002). Einkaskjalasafn. Lbs 2019/57. Sjá einnig „Leikfélag Kópavogs að hefja starfsemi“ *Þjóðviljinn*, 14. október 1966, 5, og „Douglas - Douglas sýnt hjá L.K.“, 16.

42 Sjá til dæmis umfjöllun Örnólfs Árnasonar, „Sexurnar“, 15.

Thoroddsen.⁴³ Þegar leikfélag Fáskrúðsfjarðar setti verkið upp 2001, í leikstjórn Björns Gunnlaugssonar, skrifaði Þorgeir Tryggvason:

Útgáfa Sigurðar Atlasonar frá Hólmavík á farsa Marc Camolettis, Douglas- Douglas er eins dæmigerður farsí og hugsast getur. Hann hverfist um kynhvötina og kvennabúrsfantasíur karla, sem eins og einatt eru helstu skotsþæmir grínsins. Merkilegt hvað verk í þessari bókmenntagrein, sem allajafna er lítið niður á sem ómerkilega afþreyingu, hafa skýran siðaboðskap. Grínið felst í því hvernig lygarar og ómerkingar, gróðapungar og graðneglar reyna að komast undan fordæmingu og refsingu, en mistekst einatt. Hvers vegna eru ekki skrifaðir fleiri farsar á Íslandi í dag? Nógur er heimsósóminn.⁴⁴

Þessi „mórölsku“ málalok bandarísk-íslensku leikgerðarinnar endurspeglar þó ekki endi franska verksins þar sem stefnumótakerfi Bernards er ekki úthugsuð og hættuleg svikamylla, sem leiðir til þess að félagarnir Bernard og Robert leggja á flóttu undan ásökunum, heldur leikur sem endar vel og allir finna ástina að lokum. Móralskt vægi franska verksins er því lítið.⁴⁵ Breytingarnar hafa þó síst dregið úr kómískri hlið verksins sem fékk einnig góðar viðtökur þegar það var sett upp af Leikfélagi Sauðárkróks árið 2018. Í umfjöllun sinni um sýninguna vitnar Kristín Sigurrós Einarsdóttir í þau orð formanns leikfélagsins að sýningin – „fjörugur hurðafarsí“ – skilji ekki endilega eftir mikinn boðskap og spyr hvort það þurfi endilega að vera boðskapur: „Er ekki stundum bara gott að gleyma amstri og áhyggjum hversdagsins og hlæja í góðum félagskap?“⁴⁶ Athyglisvert er að þetta vinsælasta af öllum frönskum leikritum⁴⁷ hefur notið hylli íslenskra áhugamannaleikfélaga en aldrei verið sett upp í íslenskum atvinnuleikhúsum.

43 Sjá leikskrá frá Leikfélagi Hólmavíkur: „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan“. Hér kemur fram að sýningar hafi verið tíu samtals.

44 Þorgeir Tryggvason, „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan“.

45 Candiard, „*Boeing-Boeing* de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“, 3.

46 Kristín Sigurrós Einarsdóttir, „Framúrskarandi frumsýning“, 6.

47 Leikritið er talið hafa verið leikið meira en tíu þúsund sinnum, í yfir fimmtíu löndum. Sjá Christophe Mory, „Les Raisons d'un triomphe: Gentillesse, joyeuse soirée et efficacité théâtrale“, x.

Sex í sveit er væntanlega það verk Camolettis sem flestir Íslendingar þekkja og er einn af vinsælustu försunum sem settir hafa verið upp hér á landi. *Sex í sveit*, eða *Pyjama pour six*, eins og það heitir á frummálinu, var frumsýnt 7. desember 1985 í Théâtre Michel í París í leikstjórn höfundar. Leikritið er ekki síður fjöruget en *Boeing-Boeing* og flækjustigið jafnvel meira. Hér segir frá hjónunum Bernard og Jacqueline sem eru stödd á sveitasetri sínu utan við Parísarborg. Þangað hefur Bernard boðið sinni glæsilegu ástkonu – og fyrirsætu – Brigitte, til þess að halda upp á afmæli hennar. En þetta má eiginkonan auðvitað ekki komast á snöðir um. Þess vegna býður hann einnig Robert, vini sínum, að dvelja hjá þeim um helgina og grátbiður hann um að þykjast vera unnusti Brigitte. Bernard veit auðvitað ekki að Robert og Jacqueline eru býsna náin og höfðu hugsað sér gott til glóðarinnar um helgina. Robert fellst samt á að þykjast vera unnusti Brigitte. Þegar bjöllunni er hringt fer hann til dyra og býst við að þar sé ástkonan Brigitte mætt á staðinn. Handan við þröskuldinn stendur hins vegar þjónustustúlka sem Jacqueline hefur ráðið til þess að hjálpa til við matreiðsluna um helgina og svo óheppilega vill til að hún heitir líka Brigitte. Róbert heldur því að Brigitte þjónustustúlka sé Brigitte fyrirsæta og þegar fyrirsætan lætur loks sjá sig þarf hún að taka að sér hlutverk þjónustustúlkunnar og er send beint í eldhúsið.

Allt fer úrskaiðis sem hugsast getur í þessum hraða leik þar sem persónur eru á stöðugri ferð og tjá sig jafnt í orðum sem líkams-hreyfingum og svipbrigðum. Hér þarf leikstjórinn að sjá til þess að allt gangi upp, ekki síður en í leikritum Feydeaus. Leikurinn byggist á klaufalegum misskilningi, endurtekningum og orðaleikjum, til dæmis á franska orðinu *bonne*, þar sem nafnorðið þýðir „þjónustustúlka“ og lýsingarorðið „góð“, en sem getur einnig haft klúra merkingu. Eins og í tveimur fyrrnefndum försum Camolettis, er þjónustustúlkan í einu af lykilllutverkum leikritsins. Hún er neðar í þjóðfélagsstiganum en húseigendur og gestir þeirra og sker sig úr hvað varðar tungutak og framkomu, ekki síst í því óvænta hlutverki fyrirsætunnar sem hún þarf að leika. Þegar á reynir er hún þó alls ekki eins einföld og húsbændurnir gera ráð fyrir, heldur skynsöm og hagsýn, auk þess sem hún er hamingjusamlega gift og trú sínum bónda. Hún hefur þannig jarðtengingu og siðferðislega yfirburði

yfir aðrar persónur og er það til þess fallið að draga fram hið fáfengilega og hið lágvúrulega – en að sama skapi hið kómíska – við undirferli og látalæti betri borgaranna. Því má bæta við að þessi manngerð er vinsæll talsmaður heilbrigðrar skynsemi í frönskum gamanleikjum, ekki síst í leikritum Molières.

Sex í sveit var frumsýnt 12. mars 1998 í Borgarleikhúsinu og var sýnt í þrjú ár, frá mars 1998 til októbermánaðar árið 2000; um það bil 54.000 áhorfendur sáu þá verkið. Árið 2019 var farsinn settur upp á nýjan leik hjá Leikfélagi Reykjavíkur og sýndur 57 sinnum fyrir um það bil 30.000 áhorfendur eða þar til leikhús þurftu að loka dyrum sínum vegna heimsfaraldurs.⁴⁸ Á milli þessara uppsetninga tóku margir áhugamannaleikhópar verkið til sýningar. Gísli Rúnar Jónsson þýddi leikritið, staðfærði og studdist við enska þýðingu eða aðlögun eftir Robin Hawdon, *Don't Dress for Dinner*, sem fyrst var sýnd í Lundúnum 1991.⁴⁹

Í leikgerð Hawdons gerist verkið rétt fyrir utan París og persónurnar bera frönsk nöfn, þó ekki nákvæmlega þau sömu og í franska textanum. Þýðandinn sleppir ýmsum menningarlegum og staðbundnum skírskotunum eða einfaldar og skiptir þeim út fyrir algengar klisjur sem búast má við að láti kunnuglega í eyrum enskra áhorfenda, eins og Ritz, Chanel, Montmartre, Cointreau ... Hann breytir einnig upphafi verksins: hér ætlar Jacqueline að heilsa upp á aldraða móður sína yfir helgina og Bernard vill grípa tækifærið og bjóða ástkonu sinni, sem á afmæli, upp á góðan mat í tilefni dagsins. Hann ræður kokk til að sjá um eldamennskuna. Kokkurinn er því ekki vinnukona frúarinnar. Þessi breyting eykur ef til vill trúverðugleika þess að Bernard hafi ráðist í að bjóða viðhaldinu inn á heimilið í návist eiginkonu og vinar. Svo fer þó að koma Roberts verður til þess að Jacqueline snýst hugur og hún fer hvergi.

Í staðfærðri leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar er leikritið gjörbreytt, að minnsta kosti á yfirborðinu. Sveitasetrið utan við París hefur gufað upp og í staðinn koma persónur verksins saman í sumarhúsi í Eyjafirði, rétt utan við Akureyri. Kokkurinn er ung norðlensk kona frá Saxbautanum sem sker sig talsvert frá reykvísku

48 Skv. upplýsingum frá Magnúsi Þór Þorbergssyni hjá Borgarleikhúsinu 16. júní 2022 og 6. nóvember 2024.

49 Marc Camoletti, *Don't dress for dinner*.

helgargestunum. Landfræðileg fjarlægð – og norðlenskur fram-
burður – kemur í stað stéttaskiptingar og undirstríkar muninn á
þeim og *benni*. Þegar upp er staðið er ekkert sem minnir á franska
verkið nema örstutt tilvísun til „franskra blaða“ sem notuð voru
við gerð innréttunganna í bústaðnum: „Þórunn sá um allar innrétt-
ingar og svoleiðis. Allt upp úr einhverjum frönskum blöðum. Gerði
það allt saman sjálf.“⁵⁰ Þessa tilvísun er ekki að finna í þýðingu
Hawdons enda engin þörf á að minna á franska umgjörð í verki
sem gerist rétt utan við París. Í íslensku leikgerðinni eru ekki
gerðar neinar grundvallarbreytingar á vel smurðum mekanisma
leikritsins eins og það er í leikgerð Hawdons.

Sex í sveit var sýnt tæplega 140 sinnum í Borgarleikhúsinu á tíma-
bilinu 1998–2000 og þetta bráðvinsæla kassastykki varð til þess að
leikhusstjórinn afhenti Maríu Sigurðardóttur leikstjóra verðlauna-
kúna Auðhumlu '99 – kúna sem mjólkar mest – þegar farsinn hafði
verið leikinn í 75. skipti.⁵¹ Þegar leikritið var sett upp aftur í Borgar-
leikhúsinu tuttugu árum síðar, 2019, vakti það athygli gagnrýnanda,
ef til vill með hliðsjón af breyttum kynjahlutverkum. Jakob S. Jóns-
son velti því fyrir sér hvort dómgreindin væri komin í frí í Borgar-
leikhúsinu og benti á að fyrri velgengni væri engin afsökun fyrir því
að endurvekja „gamalt hugmyndafræðilegt rusl“.⁵² Dagný Kristjáns-
dóttir virtist vera á sama máli og sagði að leikritið væri þeytt og
kynjahlutverkin „hræðilega gamaldags“ en „að þau gæti auðveld-
lega kallað fram hlátur“.⁵³ Í umsögn Silju Aðalsteinsdóttur var leik-
ritið „blessunarleg hláturssprengja“⁵⁴ og í grein Sigríðar Jónsdóttur,
„Súrsæt sveitasæla“, er talað um „strangheiðarlega útfærslu á
klassískum farsa sem heppnast nákvæmlega eftir uppskriftinni“.⁵⁵ Í
sinni umfjöllun varpaði María Kristjánsdóttir svo fram þeirri
áhugaverðu spurningu hver staða farsans væri í afþreyingarumhverfi
samtímans.⁵⁶ Í viðtali við leikstjóran, Berg Þór Ingólfsson, kemur

50 Marc Camoletti, *Sex í sveit*, í enski leikgerð eftir Robin Howdon. Íslenskun og staðfærsla eftir Gísla Rúnar Jónsson, Leikfélag Reykjavíkur, 1997/1998, 31.

51 „Sýninga- og aðsóknarmet í Borgarleikhúsinu: Auðhumla í sveitina“, 76.

52 Jakob S. Jónsson, „Dómgreindin í frí?“

53 Dagný Kristjánsdóttir, „Sex í sumarbústað fyrir norðan...“.

54 Silja Aðalsteinsdóttir, „Sex í sveit: Blessunarleg hláturssprengja nú sem fyrr“.

55 Sigríður Jónsdóttir, „Súrsæt sveitasæla“, 52.

56 María Kristjánsdóttir, „Að drepa úr hlátri“.

fram að hann hafi velt því fyrir sér hvort farsinn væri gamaldags og hann hafi lesið verkið með kynjagleraugum til að kanna hvort persónur þess væru í jafnri stöðu og hvort einhver væri neyddur til einhvers.⁵⁷ Hann bendir einnig á að verkið fjalli mikið um stéttaskiptingu og að í lokin sé það alþýðustúlka sem gangi út með dýran pels og peninga. „Alþýðustúlkan“ – eins og kokkurinn og þjónustustúlkan hjá Hawdon og Camoletti – reynist vera klókasta og jafnframt heildarlegasta og ef til vill farsælasta persóna verksins, að minnsta kosti er samband hennar við eiginmanninn í góðu lagi.

Fyrir uppsetningu verksins árið 2019 var textinn lagaður að breyttu samfélagi og tækninýjungum og Silja Aðalsteinsdóttir bendir á að verkið sem áhorfendur hlæja að sé í raun eftir Gísla Rúnar Jónsson, og í það hafi verið bætt nýjum ferskum bröndurum. María Kristjánsdóttir er á sömu skoðun og tilgreinir að „sæmdarrétturinn [sé] allur hjá Gísla Rúnari svo mjög sem hann hefur þýtt og snúið textanum upp á íslenskar aðstæður“.⁵⁸ Um það hversu langt má ganga í staðfærslu leikverka þar til verk hefur skipt um höfund má vissulega deila.⁵⁹ Þessi spurning á ef til vill ekki síst við um gamanleiki þar sem orðaleikir og menningarlegar skírskotanir virðast kalla á aðlögun að nýjum markhópi og nýjum tímum. Í tilviki *Sex í sveit* er því réttmætt að spyrja hvað sé eftir af hurðafarsa Camolettis í staðfærslu Gísla Rúnars Jónssonar, þegar öllu er á botninn hvolft. Beinagrind franska farsans stendur eftir, óhögguð, þótt rækilega hafi verið skipt um umbúðir, og þegar lítið er til uppfærslu Bergs Þórs Ingólfssonar í Borgarleikhúsinu árið 2019 kemur í ljós að dyrnar fimm eru undirstaða leiksins enn sem fyrr þótt staðalmynd hinnar „íslensku sumarkonu“ hafi leyst fyrri manngerðir af hólmi, við ómælda kátínu leikhúsgesta.⁶⁰

57 Hólmfríður María Bjarnadóttir, „Drap fémínisminn farsann?“

58 María Kristjánsdóttir, „Að drepast úr hlátri“.

59 Sjá til dæmis Minier, „Definitions, Dyads, Triads and Other Points of Connection in Translation and Adaptation Discourse“, 14.

60 Um íslensku sumarkonuna, sjá greiningu Berglindar Festival í: Júlía Aradóttir, „Ný tegund ekki talin hættuleg þótt hún sé hávær“.

Breski svefnherbergisfarsinn sem umritun á franska hurðafarsanum

Eins og sjá má, hefur franskí farsinn stundum haft viðkomu í Bretlandi á leið sinni til Íslands og áhugavert er að sjá áhrif hans á ritun gamanleikrita, til dæmis breska leikskáldsins Rays Cooney. Í kynningarmyndbandi Borgarleikhússins á uppsetningu Magnúsar Geirs Þórðarsonar á leikriti Rays Cooney, *Úti að aka* (*Caught in the Net*), sem sett var upp árið 2017, gera leikstjórinn og leikarar mikilvægi dyra að umfjöllunarefni. Að þeirra sögn skiptir allt við þær máli: áferð, tímasetning á notkun, einnig hvort þær opnast út eða inn. Tilsvár, sem virkaði ekki vel, verður fundið ef það er sagt í dyragátt.⁶¹ Í myndbandinu sést að leikmyndin hefur haft að minnsta kosti sjö dyr og minnir það á leikmyndir í verkum frönsku hurðafarsanna. Þannig taldi leikmynd *Boeing-Boeing* eftir Marc Camoletti sömuleiðis sjö dyr sem höfundur tíundaði nákvæmlega í upphafi leiktextans. Á ensku er þessi tegund leikrita kölluð *bedroom farce* eða *sex farce* með vísun til þess sem hægt er að ímynda sér að gangi á að hurðabaki, á meðan Frakkar láta ógert í sínum skilgreiningum að ýja að því sem áhorfandinn á að fá að sjá fyrir sér. Í viðtali fjallar Gísli Rúnar Jónsson um franska leikritið *Sex í sveit* sem „svefnherbergisfarsa“,⁶² sem er lýsandi dæmi um þá bresku síu sem franska leikritið hefur farið í gegnum á leið sinni á íslensku fjalirnar.

Ray Cooney (f. 1932) samdi fjölmörg gamanleikrit að franskri fyrirmynd. Eitt þeirra vinsælasta var farsinn *Run for Your Wife* sem var leikinn árum saman í Lundúnum á 9. áratugnum. Leikritið segir frá leigubílstjóranum John Smith sem á sér tvær eiginkonur. Þegar hann er lagður inn á sjúkrahús eftir bílslys, koma þær báðar að vitja hans og upphefst þá mikill hamangangur til að koma í veg fyrir að konurnar tvær hittist. Samkvæmt gagnagrunni Leikminjasafnsins var leikritið sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 1985 í þýðingu Árna Ibsen og í leikstjórn Benedikts Árnasonar, undir heitinu *Með*

61 „Úti að aka – Hurðir“, myndband á youtube-rás Borgarleikhússins, 10. mars 2017.

62 Orri Páll Ormarsson, „Kómedían fjármagnar alltaf tragedíuna“, 24.

vífið í lúkunum, og varð afar vinsælt.⁶³ Sama þýðing var svo leikin árið 2001 í Borgarleikhúsinu í leikstjórn Þórs Tulinius. Borgarleikhúsið fól svo Gísla Rúnari að þýða og staðfæra sjálfstætt framhald leikritsins, *Caught in the Net*, sem var fyrst sýnt í Lundúnum árið 2001. Það hefur hann gert svo um munaði eins og sjá má af kynningartexta við fyrrnefnt myndband leikhússins:

Úti að aka er farsí eins og þeir gerast bestir. Jón Jónsson, leigubílstjóri, er ekki allur þar sem hann er séður; hann á tvær eiginkonur, þær Guðrúnu í Hafnarfirði og Helgu í Mosfellsbæ. Guðrún veit ekki af Helgu og Helga hefur ekki hugmynd um Guðrúnu og Jón brunar sæll og glaður milli bæjarfélaga til að sinna báðum heimilum. En Adam var ekki lengi í Paradís! Börnin hans, af sitt hvoru hjónabandinu, kynnast fyrir slysi á Facebook og plana stefnumót. Til að afstýra stórslysi kokkar Jón upp fjarstæðukenndan lygavef þar sem enginn veit lengur hvað snýr upp og hvað niður. Á endanum er ekki ljóst hver hefur leikið á hvern eða hver er í rauninni úti að aka.

Af kynningunni sést hvernig Gísli Rúnar hefur staðfært verkið inn í íslenskan veruleika, í samstarfi við leikstjórnann, Magnús Geir Þórðarson. Grunnbygging verksins var óbreytt en í umfjöllun sinni taldi Guðrún Baldvinsdóttir, leiklistargagnrýnir Víðsjár, að henni ætti að fleygja eins og hverju öðru úreltu efni.⁶⁴ Hún taldi fram atriði í sýningunni þar sem gæta mátti hommafælni, kvenfyrirlitningar og útlendingafordóma, sem er sannarlega of mikið fyrir eitt leikrit. Sýningin gekk þó í tvö leikár. Nokkrum árum fyrr hafði sama teymi, þeir Gísli Rúnar og Magnús Geir, staðið að uppsetningu á öðru leikriti eftir Rays Cooney, *Nei, ráðherra!* (*Out of order*) sem einnig gekk fyrir fullu húsi í tvö leikár í Borgarleikhúsinu, hlaut áhorfendaverðlaun Grímunnar árið 2011 og var sett upp á Akureyri í kjölfarið. Í leikdómi Ingibjargar Þórisdóttur kemur fram að leikmynd Snorra Freys Hilmarssonar hafi fylgt „reglum farsans um innkomur, dyr, skápa og glugga, sem allt skiptir máli í framvindu

63 61 sýning og 20.157 áhorfendur, sjá <https://leikminjasafn.is/index.php?page=result&q=getLeik-syningDXO/1946>

64 Guðrún Baldvinsdóttir, „Ódýrir brandarar og úrelt efni“.

verksins“.⁶⁵ Leikrit Ray Cooney eru þannig greinilega eftirmynd frönsku hurðafarsanna. Sjálfir hafa Frakkar vel kunnað að meta leikrit þess sem þeir kalla „hinn enska Feydeau“⁶⁶ og hafa leikrit hans oft verið sett upp í París, gjarna í frönskum aðlögunum.

Munurinn á frönskum og breskum hurðaförsum hefur verið talinn sá að það sé augljósari siðaboðskapur í þeim breska sem eigi til að læsa áhorfendur inni í þægindum óbreytts ástands á meðan þeir frönsku séu flóknari og tvíbentari.⁶⁷ Í því sambandi var reyndar verið að vísa til fyrri kynslóðar í frönsku hurðafarsahefðinni, þ.e. leikskáldsins Georges Feydeau. Á meðan enski farsinn hefur þróast út í þröngsýni og hleypidóma svo að íslenskum gagnrýnendum þótti nóg um, virðast eldri verk Feydeaus standast betur tímans tönn.

Á hurðafarsinn erindi í dag?

Eins og fyrr segir urðu frönsku *vaudeville*-verkin til í einkareknum leikhúsum, þar sem þau eru enn leikin. Þá hafa franska þjóðleikhúsið Comédie-Française og önnur ríkisrekin leikhúsi í Frakklandi sett upp verk eftir Georges Feydeau og Eugène Labiche. *Ítalskur strábattur* í leikstjórn Giorgios Barberios Corsetti gekk í þrjú leikár á árunum 2014–2016 í Comédie-Française og *Fló á skinni* eftir Feydeau í leikstjórn Lilo Baur gekk með hléum í fimm leikár, frá 2019 til ársloka 2023, í sama leikhúsi og fór svo í sýningarferð um Frakkland. Samkvæmt vefsíðu *L'Officiel des spectacles*, sem tekur saman það sem er á döfnni í menningarlífi Parísarborgar, verða einir tíu Feydeau-farsar settir upp á leikárinu 2024–2025, þar með talið í hinu virta leikhúsi Odéon-Théâtre de l'Europe. Tveir einþáttungar eftir Labiche verða sýndir saman á komandi leikári í litlu leikhúsi í París, en engin verk eftir Marc Camoletti eða Ray Cooney eru sýnileg á dagskrám leikhúsanna. Þess má geta að Comédie-Française hefur aldrei tekið leikrit eftir þessi tvö leikskáld til sýninga.

65 Ingibjörg Þórisdóttir, „Valinn maður í hverju rúmi“, 30.

66 Sjá t.d. vefsíðu leikritabókaútgáfunnar L'Avant-scène théâtre, sem gefið hefur út fimm af leikritum hans í frönskum aðlögunum: <https://www.avantscenetheatre.com/artiste/87-ray-cooney>

67 Pronko, *Georges Feydeau*, 185.

Í þessu samhengi er forvitnilegt að sjá hvernig franska farsanum hefur vegnað hér á landi undanfarin ár, að frátöldum verkum Camolettis. *Fló á skinni* eftir Feydeau á sér lengri sögu á Íslandi en flest önnur frönsk gamanleikrit. Jón Sigurbjörnsson, sem hafði sett það upp hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó árið 1972, leikstýrði því aftur þegar leikfélagið tók stykkið til sýninga árið 1990 í nýopnuðu Borgarleikhúsi. Verkið sló í gegn í annað sinn og var sýnt 70 sinnum.⁶⁸ Þegar Leikfélag Akureyrar setti farsann upp árið 2007 í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur var hins vegar ákveðið að láta þýða verkið á ný og var Gísli Rúnari Jónssyni falið það verkefni. Mikill munur er á þýðingunum tveimur: Vigdís fylgir frumtexta af gaumgæfni á meðan Gísli Rúnar staðfærir og lætur söguna gerast norður í Eyjafirði, en það hafði hann einnig gert í staðfærslu sinni á *Sex í sveit*.⁶⁹ Uppfærsla Maríu Sigurðardóttur var svo sett upp í Borgarleikhúsinu árið 2008 og var sýnd 75 sinnum.⁷⁰ Í báðum tilvikum sló *Fló á skinni* í gegn, hvort sem áhorfendur fylgdust með flóknum ástamálum hæfilega settlegra betri borgara í París í þýðingu Vigdísar eða ævintýralegum ástarflækjum nokkurra Akureyringa. Það má þó velta upp þeirri spurningu hvort önnur leiðin sé ákjósanlegri en hin eða hvort báðar eigi þær rétt á sér? Það var því forvitnilegt að sjá uppsetningu Borgarleikhússins á franska gamanleiknum *Bara smá-stund* (*Une heure de tranquillité*) eftir Florian Zeller í þýðingu Sverris Norðlands og leikstjórn Álfrúnar Helgu Örnólfsdóttur árið 2022. Verkið var fyrst sýnt í Théâtre Antoine í París árið 2013 með Fabrice Lucchini í aðalhlutverki og fékk nokkuð blendnar viðtökur þótt sumir gagnrýnendur hafi kallað verkið „stórkostlegan samtíma-Feydeau“.⁷¹ Í þýðingu sinni úr frummálinu staðfærði Sverrir Norland ekki verkið og hélt sig fumlaut við frönsk nöfn og staðhætti eins og Vigdís í þýðingu sinni á *Fló á skinni*. Ekki virðist sem „framandleiki“ verksins hafi dregið úr ánægju áhorfenda, því eins og fram kemur í pistli Nínu Hjálmarsdóttur, tókst Borgarleikhúsinu, þrátt fyrir „þunnt efni“, að setja upp „afþreyingarfarsa sem þjónar

68 Upplýsingar um uppsetningar á verkinu bæði í Reykjavík og á Akureyri má finna á heimasíðu Leikminjasafns Íslands, <https://leikminjasafn.is/index.php?page=result&q=getLeiksýningDXO/973>, sótt 4. nóvember 2024.

69 Greinarhöfundar þakka Leikfélagi Reykjavíkur fyrir lán á þessum óútgefnu leikhandritum.

70 Sjá gagnagrunn Leikminjasafns Íslands, <https://leikminjasafn.is/index.php?page=result&q=getLeiksýningDXO/2522>

71 „Une heure de tranquillité“, *Théâtre online.com*.

tilgangi sínum, hreinustu skemmtun sem hægt er að njóta í hugsunarleysi, og skilur lítið eftir sig“.⁷² Rebekka Sif hjá Lestrarklefanum var líka ánægð með leikritið sem „hafði það augljósa markmið að skemmta og vekja upp hláturrokur áhorfenda“⁷³ og Silja Aðalsteinsdóttir tók í sama streng.⁷⁴ Tæplega tólf þúsund gestir sáu verkið.⁷⁵

Staðfærsla gamanleikja er algeng á Íslandi þótt ekki hafi allir þýðendur farið þá leið í úrvinnslu sinni á þeim erlendu verkum sem þeir hafa íslenskað. Leið verkanna til landsins hefur ef til vill einnig áhrif á það hvernig verkin skila sér til áhorfenda. Þegar kemur að franska hurðafarsanum, *vaudeville*-leikjunum og breskum stælingum á þeim stendur Gísli Rúnar uppi sem hinn ókrýndi meistari heimfærslunnar í íslensku leikhúsi. Þó að þessi leikrit laði að mikinn fjölda áhorfenda, er greinilegt að gagnrýnendur eru iðulega harðorðir um „klisjur“ og „úrelta hugmyndafræði“ sem þar er í hávegum höfð. Leiklistargagnrýnanda breska dagblaðsins *The Guardian* blöskraði einnig „vafasamir og ósmekklegir brandarar“ í leikriti Rays Cooney, *Caught in the Net*, þegar það var fyrst sett upp árið 2001.⁷⁶ Siðaboðskapur bresku leikgerðanna og frumsöndu verkanna virðist hafa umhverfst í farveg fordóma og ekki er að sjá af vefsíðum *Time Out* eða *London Theatre Direct* að til standi að setja upp leikrit eftir Ray Cooney í ár. Á hinn bóginn eru hinir eldri hurðafarsar Feydeaus opnari og íróniskari – og enn leiknir. Franski bókmenntafræðingurinn og Feydeau-sérfræðingurinn Violaine Heyraud telur það vera satíruna og þjóðfélagsádeiluna í verkum gamanleikjaskáldsins sem skýri erindi þeirra og viðvarandi vinsældir í Frakklandi, sem og sýnin á hjónabandið sem helvíti.⁷⁷ Hvað íslenskt leikhúslíf varðar er ljóst að franska hurðafarsahefðin hefur náð vel til áhorfenda í gegnum tíðina, hvort sem þýtt hefur verið úr millimáli eða beint úr frönsku og jafnvel þegar teknar hafa verið upp breskar aðlaganir á frönsku leikverkunum, beint af fjöl-

72 Nína Hjálmarsdóttir, „Afpreying sem þjónar tilgangi sínum“.

73 Rebekka Sif, „Hrakföll og hláturrokur – Bara smástund! í Borgarleikhúsinu“.

74 Silja Aðalsteinsdóttir, „Ég um mig frá mér til mín“.

75 Samkvæmt upplýsingum frá Magnúsi Þór Þorbergssyni 7. desember 2023.

76 Clapp, „Nothing to lose but their trousers“.

77 Heyraud, „Mettre en scène Feydeau dans les années 2000“, 145–156.

unum á West End. Svo virðist sem vinsæl aðlögun Gísla Rúnars Jónssonar á *Sex í sveit* hafi spýtt nýju lífi í íslenska gamanleikinn og runnið saman við hefð íslenskra sumarleyfisgamanmynda. Þessi hefð virðist hafa skotið hér rótum að því marki að íslenskir leikhússtjórar panta nú frekar frumsamda íslenska sumarleyfisfarsa þegar þörf er á nýju „kassastykki“ en nýja þýðingu á gömlum hurðafarsa. Þannig virðist sem hinn franskí *vaudeville*-leikur liggi, alla vega að hluta, til grundvallar hinum íslenska sumarleyfisfarsa.

HEIMILDIR

- A.K. „Þjóðleikhúsið: Ítalskur strábattur“. *Tíminn*, 14. október 1967, 8.
- Achard, Marcel. „Introduction“. Georges Feydeau, *Théâtre complet*, 1. bindi, París: Éditions du Béliet, 1948.
- Bentley, Eric. *The Life of the Theatre*. New York: Atheneum, 1967.
- Bergson, Henri. *Le Rire. Essai sur la signification du comique*. París: Félix Alcan, 1900.
- Brisson, Adolphe. *Portraits intimes*, 5e série. París: Armand Colin, 1901.
- Brunet, Brigitte. *Le Théâtre de Boulevard*. París: Armand Colin, 2005.
- Camoletti, Marc. *Don't dress for dinner*. Adapted by Robin Hawdon, Samuel French, 1992.
- Camoletti, Marc. *Sex í sveit, í enskri leikgerð eftir Robin Howdon*. Íslenskun og staðfærsla eftir Gísli Rúnar Jónsson, Leikfélag Reykjavíkur, 1997/1998.
- Candiard, Céline. „Boeing-Boeing de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“. *Loxias. Le boulevard, un théâtre à sortir du placard ?* 57(2017). (hal-04516514)
- Clapp, Susannah. „Nothing to lose but their trousers“. *The Guardian*, 3. september 2001.
- Coward, David. *A History of French Literature. From Chanson de geste to Cinema*: Blackwell Publishing, 2004.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Sex í sumarbústað fyrir norðan...“. *Hugrás – Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*, 10. október 2019, <https://hugras.is/2019/10/sex-sumarbustad-fyrr-nordan/>.
- Dean, Joan F. „Joe Orton and the Redefinition of Farce“. *Theatre Journal* 34/4(1982): 481–492. doi.org/10.2307/3206810
- Dictionnaire de l'Académie française*. 1^{re} édition, 1694, <https://www.dictionnaire-academie.fr/article/A2V0083>
- „Douglas - Douglas sýnt hjá L.K.“. *Vísir*, 13. október 1966, 16. „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan“. Leikfélag Hólmavíkur, http://www.holmavik.is/leikfelag/einn_koss_enn.htm, sótt 4. ágúst 2024
- Folco, Alice. „Feydeau, metteur en scène ?“. *Le Vaudeville à la scène*, Violaine Heyraud og Ariane Martinez (ritstj.), Grenoble: UGA Éditions (La Fabrique de l'œuvre), 2015, 71–80, doi.org/10.4000/books.ugaeditions.335
- Gidel, Henry. *Le Vaudeville*. París: Presses universitaires de France, 1986.
- Guðrún Baldvinsdóttir. „Ódýrir brandarar og úrelt efni“. *RÚV/Viðsjá*, 7. mars 2017, <https://nyr.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/odyrir-brandarar-og-urelt-efni>.
- Heyraud, Violaine. „Metteur en scène Feydeau dans les années 2000“, í: Violaine Heyraud og Ariane Martinez (ritstj.), *Le Vaudeville à la scène*, Grenoble: UGA Éditions, 2015, 145–156, doi.org/10.4000/books.ugaeditions.364
- Heyraud, Violaine. „Introduction“ í Georges Feydeau, *Théâtre*. París: Gallimard (Bibliothèque de la Pléiade), 2021.

- Hólmfríður María Bjarnadóttir. „Drap femínisminn farsann?“ *Stúdentablaðið*, 6. apríl 2020, <https://studentabladid.is/efni/2020/4/6/drap-femnisminn-farsannnbsp>
- Ingbjörg Þórisdóttir. „Valinn maður í hverju rúmi“. *Morgunblaðið*, 1. mars 2011, 30.
- Jakob S. Jónsson. „Dómgreindin í frí?“ *Kjarninn*, 24. október 2019.
- Jaucourt, Louis de. „Vaudeville (poésie)“. *L'Encyclopédie, ou Dictionnaire raisonné des sciences, des arts et des métiers*, vol. XVI, Denis Diderot og Jean le Rond D'Alembert (ritstj.). París: Briasson, 1765.
- Jomaron, Jacqueline de, ritstj. *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*. París: Armand Colin, 1989.
- Júlía Aradóttir. „Ný tegund ekki talin hættuleg þótt hún sé hávær“. *RÚV*, 3. október 2023, <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2023-10-03-ny-tegund-ekki-talin-haettuleg-thott-hun-se-havaer-392796>
- Klemenz Jónsson. Einkaskjalasafn. Lbs 2019/57, https://leikminjasafn.is/news/151/5/Klemenz-J%C3%B3nsson-1920-2002.-Einkaskjalasafn.-Lbs-201957./d,Safnkostur_detailTempl
- Kristín Sigurrós Einaradóttir. „Framúrskarandi frumsýning“. *Feykir*, 4. maí 2018, 6.
- Lacas, Hélène. „Vaudeville“. *Dictionnaire du Théâtre*. París: Albin Michel, 1998.
- Laera, Margherita. „Theatre Translation as Collaboration: Aleks Sierz, Martin Crimp, „Leikfélag Kópavogs að hefja starfsemi“. *Þjóðviljinn*, 14. október 1966, 5.
- „Nathalie Abrahami, Colin Teevan, Zoë Svendsen and Michael Walton discuss Translation for the Stage“. *Contemporary Theatre Review*, 21/2(2011) : 213–225. Leikminjasafn Íslands. <https://leikminjasafn.is>.
- Magnús Þór Þorbergsson. *A Stage for the Nation. Nation, Class, Identity and the Shaping of a Theatrical Field in Iceland 1850-1930*, ritgerð lögð fram til doktorsprófs. Reykjavík: Háskóli Íslands, 2017.
- María Kristjánsdóttir. „Að drepast úr hlátri“. *RÚV*, 17. október 2019, <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/ad-drepast-ur-hlatri>.
- Minier, Márta. „Definitions, Dyads, Triads and Other Points of Connection in Translation and Adaptation Discourse“. Í *Translation and Adaptation in Theatre and Film*, ritstj. Katja Krebs, 13–35. London og New York: Routledge 2014.
- Mory, Christophe. „Les Raisons d'un triomphe: gentillesse, joyeuse soirée et efficacité théâtrale.“ Í Marc Camoletti, *Boeing Boeing*. París: Librairie théâtrale, 2019. Vii– xi.
- Nína Hjálmarsdóttir. „Afþreying sem þjónar tilgangi sínum“. *RÚV*, 28. september 2022, <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2022-09-28-afthreyingarfarsi-sem-thjonar-tilgangi-sinum>
- Observations sur une comédie de Molière intitulée Le Festin de Pierre*. París: Nicolas Pépingué, 1665.
- Orri Páll Ormarsson. „Kómedían fjármagnar alltaf tragedíuna“. *Morgunblaðið*, 12. mars 1998, 24.
- Pronko, Leonard C. *Georges Feydeau*. New York: Frederick Ungar, 1975.
- [Ram.], „Leikhúsið. ‘Glas af vatni’ eftir Scribe“. *Vísir*, 28. október 1928, 2.
- Rebeka Sif. „Hrakkföll og hláturrokur – Bara smástund! í Borgarleikhúsinu“.

- Lestrarkefni*, <https://lestrarkefni.is/2022/10/04/hrakfoll-og-hlaturrokur-bara-smastund-i-borgarleikhusinu/>, sótt 5. nóvember 2024.
- Sigríður Jónsdóttir. „Súrsæt sveitasæla“. *Fréttablaðið*, 12. október, 2019, 52.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Ég um mig frá mér til mín“. *Tímarit Máls og menningar*, 24. september 2022, <https://tmm.forlagid.is/eg-um-mig-fra-mer-til-min/>, sótt 5. nóvember 2024.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Sex í sveit: Blessunarleg hláturssprengja nú sem fyrr“, *Mannlíf*, 14. október 2019, <https://www.mannlif.is/frettir/leikdomur-sex-i-sveit-blessunarleg-hlatursprengja-nu-sem-fyrr/>
- Spielmann, Guy. „Le vaudeville, de la chanson au théâtre (XIV^e-XVIII^e)“, *Le Vaudeville à la scène*, Violaine Heyraud og Ariane Martinez (ritstj.), Grenoble: UGA Éditions (La Fabrique de l'œuvre), 2015: 19–28, doi.org/10.4000/books.ugaeditions.335
- Sveinn Einarsson. *Íslensk leiklist I-III, 1920–1960*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1991–2016.
- Sveinn Einarsson. *Leikmenntir. Um að nálgast það sem mann langar til að segja í leikebúsi*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2023.
- Sveinn Einarsson. „Helgileikir og herranætur“. *Skírnir*, 139 (1965): 103–126.
- „Sýninga- og aðsóknarmet í Borgarleikhúsinu: Auðhumla í sveitina“. *Morgunblaðið*, 30. mars 1999, 76.
- „Une heure de tranquillité“. *Théâtre online.com*, <https://www.theatreonline.com/Spectacle/Une-heure-de-tranquillite/42406#:~:text=Florian%20Zeller%20nous%20livre%20%C3%A0,pour%20notre%20plus%20grand%20bonheur>
- „Úti að aka – Hurðir“, myndband á youtube-rás Borgarleikhússins, 10. mars 2017.
- Venuti, Lawrence. *The Translator's Invisibility. A History of Translation*. London og New York: Routledge, 1995.
- Yon, Jean-Claude. „Scribe vaudevilliste pour le Gymnase“, *Le Vaudeville à la scène*. Violaine Heyraud og Ariane Martinez (ritstj.). Grenoble: UGA Éditions (La Fabrique de l'œuvre), 2015, 47–58. doi.org/10.4000/books.ugaeditions.335
- Þorgeir Tryggvason. „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan. *Úr glerbúsinu*. *Leikdómasafn Þorgeirs Tryggvasonar*, 2. desember 2001, <https://leikdomar.blogspot.com/2001/12>.
- Örnólfur Árnason. „Sexurnar“. *Morgunblaðið*, 18. nóvember 1967, 15.

ÚTDRÁTTUR

**Franski farsinn á Íslandi:
París-Eyjafjörður með viðkomu á West End**

Þessi grein fjallar um þýðinga- og viðtökusögu franskra *vaudeville*-leikrita eða hurðafarsa á Íslandi, með sérstakri áherslu á gamanleiki leikskáldsins Marcs Camoletti sem skrifaði það franska leikrit sem oftast hefur verið leikið á heimsvísu, *Boeing-Boeing*. *Vaudeville*-gamanleikir hafa þá sérstöðu að söguþráðurinn snýst einna helst um að koma í veg fyrir að eitthvert misferli í einkalífinu komist upp; bygging þeirra er sterk og þolir aðlaganir. Saga franskra farsans er rakin í stuttu máli, frá miðöldum til hurðafarsa 19. og 20. aldar, og spurt hvort þeir síðarnefndu eigi erindi til áhorfenda í dag. Farið er yfir helstu uppsetningar franskra farsa á íslenskum leiksviðum og litið til þess hvort þeir hafi verið aðlagðir nýjum áhorfendum eða ekki. Sjónum er beint að endurritun Gísla Rúnars Jónssonar á frönsku leikritunum og á leikritum breska leikskáldsins Rays Cooney, sem skrifaði hurðafarsa að franskri fyrirmynd. Frönsku leikritunum var yfirleitt vel tekið á Íslandi, bæði í þýðingum og aðlögunum, og svo virðist sem heimfærðar gerðir þeirra liggi jafnvel til grundvallar hinum íslenska sumarleyfisfarsa.

Lykilorð: gamanleikur, farsi, hurðafarsar, leikritabýðingar, aðlaganir

ABSTRACT

The French farce in Iceland via West End

This article traces the translation and reception history of French *vaudeville*-comedy in Iceland, with a special focus on plays by Marc Camoletti, who wrote the all-time popular *Boeing-Boeing*. *Vaudeville*-comedies are characterized by the plot which revolves primarily around preventing some private misconduct from coming to light; their construction is strong and can withstand the strain of adaptation and domestication. The history of French farce is briefly traced, from the Middle Ages to the *vaudeville* of the 19th and 20th centuries and considered whether the latter still have something to convey to today's audiences. The main productions of French farces on Icelandic stages are reviewed in terms of whether they have been adapted to new audiences or not. A special focus is given to Gísli Rúnar Jónsson's rewriting of the French plays and on those of British playwright Ray Cooney, whose bedroom farces are based on the *vaudeville* model. The French plays were usually well received in Iceland, both in translations and adaptations, and it seems that their domesticated versions even form, at least in part, the basis of the vernacular Icelandic summer holiday farce.

Keywords: comedy, farce, vaudeville, theatre translation, adaptations